

91. ársþing USÚ – tillögur

Tillaga 1 – Frá stjórn USÚ

91. ársþing USÚ, haldið í Nýheimum 29. apríl 2024, hvetur ungmennafélaga til að fjölmenna á 25. Unglingalandsmót UMFÍ, sem haldið verður í Borgarnesi um verslunarmannahelgina og mæta á 11. Landsmót UMFÍ 50+, sem haldið verður í Vogum 7. – 9. júní. Þingið hvetur ungmennafélaga einnig til þess að taka þátt í almenningisíþróttaverkefnum á vegum UMFÍ og ÍSÍ.

Tillaga 2 – frá stjórn USÚ

91. ársþing USÚ, haldið í Nýheimum 29. apríl 2024, samþykkir þær breytingar á 1. grein reglna um skiptingu lottótekna að af heildarpottinum lækki hlutur USÚ úr heildarpottinum úr 15% í 5% og hlutur Styrktar- og afrekssjóðs hækki úr 5% í 15%.

1. gr. Skipting lottótekna USÚ

Af heildinni fara:

- 15% til USÚ
- 15% í Styrktar- og afrekssjóð USÚ
- 80% til aðildarfélaga

Greinargerð:

Á næstu vikum munu átta nýjar starfstöðvar íþróttahreyfingarinnar taka til starfa. Ríkissjóður og íþróttahreyfingin leggja til umtalsvert fjármagn til verkefnisins, sem gerir það að verkum að úthlutun lottófjár til nær allra sambandsaðila UMFÍ og ÍSÍ lækkar nokkuð. Á móti kemur bætt þjónusta sem verður í boði á starfstöðvunum og fjölmörg tækifæri til eflingar fagmennsku í íþróttahreyfingunni. Hlutur USÚ lækkar talsvert. Stjórn USÚ leggur áherslu á að milda áhrifin á styrktar- og afrekssjóð USÚ. Því leggur stjórnin til að hlutur USÚ úr heildarpottinum lækki úr 15% í 5% og hlutur styrktar- og afrekssjóðs hækki úr 5% í 15%. Annað verður óbreytt að sinni.

Tillaga 3 – frá stjórn USÚ

91. ársþing USÚ, haldið í Nýheimum 29. apríl 2024, samþykkir að skattur aðildarfélaga sambandsins árið 2024 verði 0 kr. á félagi 16 ára og eldri.

Greinargerð:

Samkvæmt 6. grein laga USÚ greiða sambandsfélögin skatt til USÚ og er hann ákveðinn á ársþingi ár hvert. Stjórnin leggur til að það verði enginn skattur í ár frekar en undanfarin ár.

Tillaga 4 – frá stjórn USÚ

91. ársþing USÚ, haldið í Nýheimum 29. apríl 2024, samþykkir fjárhagsáætlun USÚ fyrir árið 2024.

Fjárhagsáætlun USÚ 2024

	2024 áætlun	2023 raun
Rekstrartekjur		
Lottó	5.212.526	10.641.286
Getraunir	1.743.561	1.087.515
Aðrar tekjur	80.000	124.500
Rekstrartekjur alls	7.036.087	11.853.301

Rekstrargjöld		
Lottó til aðildarféлага	4.170.021	8.931.375
Lottó í styrktar- og afrekssjóð USÚ	781.879	603.711
Auglýsingar og heimasíða	50.000	28.627
Verðlaun	50.000	51.460
Ferða- og fundakostnaður	400.000	370.490
Styrkir	1.200.000	1.700.000
Annar mótakostnaður	80.000	124.500
Annað	50.000	0
Rekstrargjöld alls	6.781.900	11.810.163

Hagnaður/Tap fyrir fjármagnsliði	254.187	43.138
----------------------------------	---------	--------

Fjármagnsliðir		
Vaxtatekjur	240.000	309.467
Fjármagnstekjuskattur	-52.800	-68.082
Fjármagnsliðir alls	187.200	241.385

Hagnaður/Tap	441.387	284.523
--------------	---------	---------